

Skóla-akur



Vefrit um skólamáll 3. tbl. 9. árg. 5. febrúar 2015

Myndir augnabliksins eru frá þorrablóti Hríseyjarskóla.



Dagur leikskólans.

Föstudagurinn 6. febrúar er merkisdagur í íslenski leikskólasögu því þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla. Tilgangurinn er að auka jákvæða umræðu um leikskólann, vekja umræðu um hlutverk leikskóla og starf leikskólakennara og kynna starfsemina út á við. Í tilefni dagsins munu leikskólar bæjarins bjóða foreldrum í heimsókn til að skoða og kynna skólunum. Foreldrar sem eiga börn sem ekki eru byrjuð í leikskóla eru sérstaklega velkomnir. Í heimsóknum geta foreldrar skoðað húsnæði skólans, kynnst lauslega stefnum og strauum skólans og spurt spurninga. Skóladeild hvetur foreldra ungra barna til að nota tækifærið og kíkja í heimsókn.

Leikskólar á Akureyri halda upp á daginn með misjöfnum hætti.

Á Hlíðabóli verður hefðbundið húllumhæ föstudaginn 6. febrúar. Leikið, dansað og sungið.

Á Hulduheimum Koti og Seli er fjölskyldudagur þann 6. febrúar. Þá er foreldrum sérstaklega boðið að koma í heimsókn og taka þátt í hefðbundnu skólastarfi yfir morguninn. Opið hús í Seli frá kl. 10:00 - 11:30 og Koti frá kl. 09:00 - 11:00.

Á Iðavelli verður Fjölskyldufjör í samstarfi við foreldrafélag Iðavallar frá kl. 15:00 – 16:00. Fjölskyldufjör felur í sér að hver fjölskylda kemur með veitingar á sameiginlegt hlaðborð, þá verður sungið, leikið og borðað saman. Opið hús frá kl. 08:00 - 09:00.

Á Kiðagili verður samvera í sal þar sem stjórnendur leikskólans sýna nemendum leikritið um Rauðhettu og úlfinn. Opið hús frá kl. 14:00 - 16:00.

Íþróttadagur verður fyrir nemendur Krógabóls í Boganum við Hamar frá kl. 10:00 – 11:00. Settar verða upp ýmisskonar þrautabrautir, farið í boltaleiki og ýmislegt annað skemmtilegt. Foreldrar eru sérstaklega hvattir til að koma og taka þátt í hreyfingu með börnum sínum. Opið hús frá kl. 14:00 - 15:30.

Í tilefni dagsins verður foreldrakaffi í Lundarseli frá kl. 08:15 - 09:30. Myndlistaverk og skráningar verða til sýnis og myndband um líf og gleði í leikskólanum verður sýnt í salnum. Opið hús frá kl. 14:30 - 15:30.

Á Naustatjörn er opin vika 2. - 6. febrúar. Þá eru foreldrar barna í skólanum sérstaklega hvattir til að koma með börnum sínum í skólann og upplifa skólastarfið. Sérstaklega eru þeir boðnir í ævintýraferðir með börnunum. Á föstudaginn ætla nemendur skólans að ganga upp á Tjarnarhól og syngja nokkur lög. Einnig verður farin gönguferð um hverfið. Opið hús frá kl. 10:00 - 11:00.

Nemendur Pálmholts fara í gönguferð um hverfið sitt og færa fólki gleðigjafir. Um er að ræða gleðisteina, myndir og fleira smálegt. Ýmist eru gleðigjöfunum stungið inn í póstlúgu eða þær afhentar. Nemendur heimsækja dvalarheimilið Hlíð og heimilisfólki þar færðar gleðimyndir. Opið hús frá kl. 10:00 - 11:00.

Á Sunnubóli verður sameiginleg skemmtun í sal þar sem sungið verður af innlifun. Hver deild hefur undirbúið atriði sem sýnt verður. Opið hús frá kl. 10:00 – 11:00.

Nemendur á Tröllaborgum hafa útbúið skemmtilega glaðninga fyrir nágretta sína í tilefni dagsins. Þau munu ganga í hús í hverfinu og vekja athygli á deginum með því að setja glaðninga inn um póstlúgur, hengja upp listaverk í lyftu skólans til að gleðja sambylinga þeirra í Tröllagili 29 og loks mun Giljaskóli fá sérstaka gleðikveðju. Kynning á skólanum hefst kl. 09:00.

Á leikskóladeildinni Smábæ í Hrísey verður foreldrakaffi.

Samsöngur 1. og 2. bekkjar í Glerárskóla.

Á dögnum hittust 1. og 2. bekkur og sungu saman Þorrapræl (Nú er frost á fróni). Árgangarnir eru báðir að vinna með bókina Kuggur - Þorrapræl eftir Sigrúnu Eldjárn í Byrjendalæsi þessa dagana. Í tengslum við þá vinnu hittust hóparnir og sungu saman. Auk þess eiga árgangarnir eftir að vinna að sameiginlegu lokaverkefni.



Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Tónlistarskólinn á Akureyri.

Á degi tónlistarskólanna þann 14. febrúar nk. mun Tónlistarskólinn setja upp fjórða Óperublótið. Mærþöll er ópera eftir Þórunni Guðmundsdóttur byggð á gömlu íslensku ævintýri. Í sögunni um Mærþöll kynnumst við þremur álagaglöðum álfkonum, sorgmæddri hertogafrú, vitgrönnum hertoga, ágjörnum fehirði, latrí vinnukonu, kúski og kærustunni hans. Ekki má gleyma hinum hrifnaema prinsí Péttri og hertogadótturinni Mærþöll sem getur grátið gulli, þótt það sé álitamál hvort það færi henni hamingju. Sagan höfðar bæði til barna og fullorðinna; gleði, sorgir, ástarmál, álög og óvæntar upptakomur. Þórunn skrifaði þessa óperu miðaða út frá getu nemenda, bæði söngvara og hljóðfæraleikara í hljómsveit. Þórunn hefur einnig skrifað söngleikinn Systur sem og óperumar Hlini kóngssonur, Tónlistarskólinn og Gilitrutt, sem einnig miðast við að óperurnar séu fluttar af nemendum.



Vorráðstefna miðstöðvar skólaþróunar 2015.

Hugsmiðar og hæfnimiðað nám.

Vorráðstefna um menntavísindi á vegum miðstöðvar skólaþróunar HA verður haldin í Háskólanum á Akureyri laugardaginn 18. apríl 2015. Að þessu sinni er ráðstefnan tileinkuð hæfnimiðuðu skólafarfi og markmiðið er að varpa ljósi á hvaða hugarfar og starfshættir í skólafarfi stuðla að hæfni nemenda.

Almenn menntun stuðlar á hverjum tíma að aukinni hæfni einstaklingsins til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Hún miðar að því að efla skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Hún er hvort tveggja í senn einstaklingsmiðuð og samfélagsleg.

Efni ráðstefnunnar er sniðið að leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar:

- Dr. Lyn Dawes, menntunarfræðingur og fyrrverandi dósent í menntavísindum við Bedford, Northampton og Cambridge háskóla á Bretlandi
- Henry Alexander Henrysson, verkefnisstjóri við heimspekistofnun Háskóla Íslands
- Ísak Rúnarsson, nemandi við Háskóla Íslands og formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands

Á ráðstefnunni verður auk aðalfyrirlesara fjöldi málstofa þar sem reifuð verða ýmis mál er lúta að þróun hæfnimiðaðs skólafarfs.

Nánari upplýsingar veita Helga Rún Traustadóttir, 460 8585, netfang: helgarun@unak.is og Sólveig Zophoníasdóttir, 460 8564, netfang: sz@unak.is.

Kvíði barna og unglunga – fjarnámskeið.

Endurmenntun Háskólans í samstarfi við geðsvið Landspítalans efnir til fjarnámskeiðs þar sem fjallað verður um eðli og einkenni kvíða, af hverju börn verða kvíðin, hvernig kvíði birtist, hvernig hann viðhelst og hvernig æskilegt er að bregðast við kvíðahegðun. Námskeiðið verður haldið 13. febrúar næstkomandi.

Kennarar á námskeiðinu verða Berglind Brynjólfssdóttir og Sigríður Snorradóttir, sálfræðingar á Barna- og unglingadeild Landspítalans. Nánar um námskeiðið á heimasíðu Kennarasambandsins: <http://ki.is/um-ki/utgafa/frettir/vidburdir>

Ár geitarinnar.

Skemmtilegur fróðleikur um mánuðina og ýmislegt annað á vef Námsgagnastofnunar:

Þegar febrúar gengur í garð er nokkuð liðið á þorra. Heiti þessa mánaðar er dregið af februa, trúarlegri heinsunarhátíð sem tíðkaðist meðal Rómverja um miðjan mánuðinn. Jafnframt er nafnið tengt etruskum guði undirheima og hreinsunar sem kallaðist Februus. Etrúrar voru forn menningarþjóð sem bjó á vesturhluta Ítalíu en leið undir lok þegar veldi Rómverja tók að eflast. Febrúar var upphaflega síðasti mánuður ársins hjá Rómverjum til forna og er það talin skýringin á því að hann er styttri en hinir mánuðirnir. Í febrúar eru margir merkisdagar sem gaman er að minnast, eins og t.d. ár geitarinnar. Samkvæmt kínversku tímatali er árið 2015 ár geitarinnar. Kínverska tímatalið er miðað við umferð Júpíters. Það tekur reikistjórnuna um 12 ár að ferðast í kringum sólina svo að Júpíter er um eitt ár í hverju stjörnumerki og árin því nefnd eftir merkjunum. Sjá nánar á: <http://www.nams.is/i-dagsins-onn/islenska/pistill/?newsid=a10ec02b-a88f-11e4-b311-0050568632e8>

Dagur stærðfræðinnar 6. febrúar 2015.

Tilvalið að brjóta upp hefðbundna kennslu og halda daginn hátíðlegan og vinna skapandi og skemmtileg verkefni í stærðfræði.

Flötur, samtök stærðfræðikennara: <http://flotur.net/category/dagur-staerdfraedinnar/>